

X. Tillaga til 410. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 14. desember 2017

Lögð verður fram tillaga að ályktun um innfjarðarrækjuveiðar.

Tillaga að ályktun Bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um rækjuveiðar í Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar mótmælir harðlega vinnubrögðum Hafrannsóknarstofnunar við rækjurannsóknir við Ísland undanfarin ár, veiðiráðgjöf stofnunarinnar og þeirri tillögu Hafrannsóknarstofnunar að rækjuveiðar verði bannaðar í Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði, vertíðina 2017-2018.

Augljóst er að árangur Hafró í veiðiráðgjöf á rækjustofnum umhverfis Ísland er víðsfjarri markmiðum laga nr 116/2006 um stjórn fiskveiða, þe að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

Síðast þegar rækjuveiðar voru bannaðar í Ísafjarðardjúpi stóð það bann í 9 ár. Vert er að minnst þess að Arnarfjörður og Ísafjarðardjúp eru síðustu tvö innfjarðarrækjusvæðin sem nýtt eru við Ísland, af átta skilgreindum innfjarðarrækjustofnum við landið. Alger friðun á hinum svæðunum sex, í hart nær tvo áratugi, hefur að mati stofnunarinnar engum árangri skilað í uppbyggingu rækjustofnanna en hinsvegar algerlega rústað atvinnugreininni á viðkomandi svæðum.

Rækjuveiðar og vinnsla hefur verið alvöru atvinnugrein við Ísafjarðardjúp frá árinu 1935. Rækjuafli á ári úr Ísafjarðardjúpi hefur iðulega verið á bilinu 1700-2500 tonn og farið upp í 3000 tonn. Það er því grafalvarlegt að fiskifræðingar hafi ákveðið án nokkurs samráðs við sjómenn að lækka veiðivísitöluna um helming fyrir nokkrum árum og ætla núna án nokkurs samtals við þá sem atvinnu hafa af veiðunum og þekkja svæðið lang best, að leggja til veiðibann veturin 2017-2018. Það er skammarlegt að stofnun sem hefur svotil engann metnað lagt í rannsóknir á rækjustofninum og áhrif veiða á stofninn, sýni sjómönnum þvílíka lítilsvirðingu og skilningsleysi.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar lýsir sig tilbúna til að hlutast til um að stjórnun rækjuveiða á grunnslóð verði tekin yfir af heimamönnum, í samvinnu sveitarfélaganna og sjómanna á viðkomandi svæðum.